



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2018

ENSK2HC05 Hagnýt enska

Kennarar:	Kristín Runólfsdóttir, Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	KR, ÆE
------------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Þekkingarviðmið: (í lok annars þreps) Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- ✓ New Headway Upper-Intermediate (4th edition), J.& L Soars
- ✓ The Curious Incident of the Dog in the Night-time
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt á Moodle.

Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í Moodle, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- ✓ Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tíma og þeir skráðir fjarverandi í Innu.
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 20 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 1998 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
A Curious Incident of a Dog in the Night-time	Skrifleg verkefni /próf / munnlegt próf og ritunarverkefni	20%
Headway Upper-Intermediate	Kaflapróf og próf úr öllum köflum	30%
Kvikmyndaverkefni	Orðaforðapróf	5%
Short Docs verkefni	Munnleg kynning	5%
Short stories	Skrifleg verkefni og próf	20%
Ritun (pros and cons)	Tímaritgerð	5%
Verkefnamappa: Í möppuna safna nemendur saman ýmsum sérvöldum verkefnum frá önninni: td. Orðalistar og verkefnablöð í Headway, Short docs ritun og verkefni úr kvikmynd.	Skilað undir lok annar	15%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 4. janúar 2018

Kennarar: Kristín Runólfsdóttir og Ægir Pétur Ellertsson